

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF10 – tillaga stjórnar að styrkjum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun

1. Akureyrarkaupstaður - Deiliskipulag hafnarsvæðisins í Hrísey

Kr. 1.440.000,- styrkur til deiliskipulags fyrir hafnarsvæði Hríseyjar, sem hafi það m.a. að markmiði að endurspegla ímynd samfélagsins sem ferðamannastaðar.

Gott innviðaverkefni, sem mun bæta upplifun ferðamanna og styðja við uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu.

2. Áttthagastofa Snæfellsbæjar - Almenningsalerni við Sjávarsafnið í Ólafsvík

Kr. 7.080.000,- styrkur til að setja upp almenningsalerni í húsnæði Sjávarsafnsins í Ólafsvík. Salernin verða opin allan sólarhringinn og rekin af sjávarsafninu.

Gott og hagkvæmt verkefni, sem mun bæta úr vaxandi skorti á salernisaðstöðu á svæði sem nýtur sívaxandi vinsælda.

3. Borgarbyggð - Sögubærinn Borgarnes - Búðarklettur og Vesturnes

Kr. 7.880.000,- styrkur til endurbóta á „Sögustígnum“ í Borgarnesi með áherslu á náttúruvernd og aðgengi fyrir alla. Verkefnið er hluti af stefnunni um Sögubæinn Borgarnes, en stór hluti gesta Landnámsseturs leggur leið sína um Söguhringinn að hluta eða öllu leyti.

Framhald á vel unnu verkefni til uppbyggingar ferðaþjónustu, náttúruverndar og aðgengis.

4. Borgarfjarðarhreppur - Bátahöfnin við Hafnarhólma

Kr. 13.000.000,- styrkur til deiliskipulags og áframhaldandi hönnunar þjónustubyggingar ásamt framkvæmdum við gönguleiðir, bílastæði og lagnir.

Framhald á vel unnu verkefni, sem áður hefur fengið styrk frá sjóðnum og stuðlar að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

5. Djúpavogshreppur - Efling gönguferðamennsku í Djúpavogshreppi

Kr. 3.800.000,- styrkur til eflingar gönguferðamennsku í Djúpavogshreppi, með endurbótum á stikun gönguleiða og uppsetningu á nýjum fræðslu- og upplýsingaskiltum.

Vel unnið verkefni sem tengist annari uppbyggingu sjáfbærrar ferðamennsku í Djúpavogshreppi. Auk þess styrkir verkefnið öryggi með stikun og uppsetningu skilta.

6. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs - Perlur Fljótsdalshéraðs. Hönnun og uppsetning skilta við gönguleiðir

Kr. 3.107.248,- styrkur til að hönnunar og uppsetningar á skiltum við upphafsstaði 28 gönguleiða sem ganga undir nafninu Perlur Fljótsdalshéraðs. *Vel hugsað og fagmannlega undirbúið verkefni, sem byggir á miklum eldmóði og sjálfboðaliðastarfi. Mikilvægt verkefni með tilliti til öryggis og uppbyggingar á ferðaþjónustu á svæðinu.*

7. Félag um Snjáfjallasetur - Skilti um náttúru og sögu á Snæfjallaströnd

Kr. 800.000,- styrkur til hönnunar og framleiðslu skilta um gönguleiðir, náttúrufar og sögu byggðar á Snæfjallaströnd, auk merkinga og endurhleðslu á vörðum. *Vel framsett og undirbúið verkefni með áherslu á heildaryfirbragð og staðarvitund. Verkefnið mun stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.*

8. Fjarðabyggð - Fólkvangur Neskaupstaðar

Kr. 2.400.000,- styrkur til þess að bæta aðgengi að fólkvangi Neskaupstaðs og leggja þannig grunn að skipulagi svæðisins til framtíðar. Verkefnið er heildstæð áætlun um skipulag, uppbyggingu og úrbætur á stígum og áningarstöðum. *Vel skilgreint verkefni, sem getur dregið úr neikvæðum áhrifum aukins fjölda ferðamanna á viðkvæma náttúru innan fólkvangsins.*

9. Fjarðabyggð - Hólmanes - Fólkvangur og friðland

Kr. 9.000.000,- styrkur til áframhaldandi uppbyggingar á Hólmanesi við Eskifjörð sem áningarstað og útivistarsvæði. *Áframhald á vel undirbúnu og fagmannlega unnu verkefni, sem styður við sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu í takt við aukinn ferðamannastraum. Ný salernisaðstaða bætir úr skorti á grunnaðstöðu.*

10. Fljótsdalshérað - Dyrfjöll - Stóruð, gönguparadís lokaáfangi

Kr. 8.000.000,- styrkur vegna lokahnykks á framkvæmdum við þjónustuhús á Vatnsskarði eystra, endurbótum á gönguleiðum, merkingum og upplýsingagjöf til ferðamanna er hyggjast heimsækja náttúruperluna Stóruð og nágrenni Dyrfjalla. *Verkefnið treystir öryggi með stikun og merkingu gönguleiða, og styrkir innviði með því að ljúka byggingu þjónustuhúss.*

11. Fljótsdalshérað - Fardagafoss - Gönguleið, öryggi og náttúruvernd

Kr. 2.600.000,- styrkur til endurbóta á göngustíg að fossinum og uppbyggingar tveggja útsýnis- og áningarstaða í tengslum við hann. *Mikilvægt verkefni vegna náttúruverndar, sjálfbærni, aðgengis og öryggis á gönguleið við Fardagafoss.*

12. Fossavatnsgangan - Merking göngu- hjóla og skíðaleiða og uppsetning upplýsingaskilta á Ísafirði

Kr. 7.000.000,- styrkur til merkinga Fossavatnsgöngubrautarinnar og skíða-göngubrauta á Seljalandsdal á Ísafirði. Brautirnar henta jafnt sem skíðagönguleiðir, gönguleiðir og fjallhjólabraut.

Hluti af stærra innviðaverkefni, sem mun stóruka framboð á merktum gönguleiðum tengdum Ísafjarðbæ, jafnframt því að auka öryggi ferðamanna, sem um þær leiðir fara.

13. Grundarfjarðarbær - Kirkjufellsfoss, viðhald og umbætur

Kr. 6.000.000,- styrkur til stækkunar og frágangs bílastæða, merkinga og viðhalds á tröppum og göngustíg.

Brýnt verkefni fyrir náttúruvernd og sjálfbærni, enda er átroðningur orðinn mikill á svæðinu.

14. Grundarfjarðarbær - Kolgrafarfjörður í Eyrarsveit, Snæfellsnesi

Kr. 2.800.000,- styrkur til skipulags og fullnaðarhönnunar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar áningarstaðar við Kolgrafarfjarðarbrú.

Mikilvægt verkefni fyrir aðgengi og öryggis. Auk þess að getur verkefnið bætt náttúruupplifun á sjálfsprottnum áfangastað, sem nýtur vaxandi vinsælda, m.a. vegna mikils dýralífs.

15. Hafnarfjarðarkaupstaður - Seltún - áframhaldandi uppbygging

Kr. 8.000.000,- styrkur vegna áframhaldandi uppbyggingar við Seltún í Krýsuvík. Endurbætur, stækkun og yfirborðsfrágangur á bílastæðum, m.a. vegna stærri hópferðabíla.

Forgangsverkefni fyrir aðgengis- og öryggismál á viðkvæmu svæði undir síauknu álagi ferðamanna.

16. Húnavatnshreppur - Áframhald af verki 15-013 Ólafslundur-Þrístapar

Kr. 2.000.000,- styrkur til frekari undirbúnings og hönnunar ferðamannaaðastöðu við Þrístapa og Ólafslund.

Verkefnið er mikilvægt vegna náttúruverndar á merktum sögustað undir vaxandi álagi og stuðlar að frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

17. Húnaþing vestra - Kolugljúfur

Kr. 2.800.000,- styrkur til skipulags og hönnunar við Kolugljúfur í Víðidal.

Forgangsverkefni vegna náttúruverndar, aðgengis- og öryggismála á viðkvæmu og hættulegu svæði sem nýtur vaxandi vinsælda hjá ferðamönnum. Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

18. Hvalfjarðarsveit - Glymur í Botnsdal, Hvalfjarðarsveit

Kr. 5.010.000,- styrkur til áframhaldandi endurbóta og viðhalds gönguleiðar að fossinum Glym.

Forgangsverkefni vegna náttúruverndar, öryggis-, fræðslu- og aðgengismála á fjölsóttum og varhugaverðum áfangastað, sem er undir miklu álagi.

19. Hveragerðisbær - Kraftur og hverir - Mögnuð náttúra í nýju ljósi

Kr. 2.900.000,- styrkur til að byggja upp fræðslu- og áningarstað í

Hveragarðinum, sem einnig getur nýst yfir vetrarmánuðina.

Áhugavert verkefni, sem getur búið til nýjan segul og létt á öðrum svæðum og fjölgað áfangastöðum yfir vetrarmánuðina.

20. Katla jarðvangur (Geopark) - Heildstætt útlit og merkingar

Kr. 10.000.000,- styrkur til merkinga við áningarstaði og meðfram stígum á völdum stöðum innan Kötlu jarðvangs.

Mikilvægt og gott verkefni með tilliti til almennrar fræðslu- og aðgengismála á vinsælu ferðamannasvæði.

21. Kerlingarfjallavinir - Viðhald, lagfæringar og viðbætur á brúm í Hveradölum

Kr. 3.165.600,- styrkur til að endurbyggja tvær göngubrýr sem skemmdust undan snjófargi og bæta við þeirri þriðju vegna nýrrar gönguleiðar. Hönnun brúa taki mið af óvenjulegum snjóalögum á svæðinu.

Mikilvægt verkefni á sífellt vinsælli ferðamannastað í óbyggðum. Innviðir gönguleiða á þessu svæði eru nátengdir öryggi ferðamanna og náttúruvernd. Verkefnið virðist vera vel undirbúið og hannað.

22. Landeigendur Voga ehf - Heildarskipulag ferðamannastaða fyrir Voga í Mývatnssveit

Kr. 6.447.000,- styrkur til deiliskipulagsgerðar og fullnaðarhönnunar fyrir áfangastaði innan landsins Voga í Mývatnssveit. Skipulagið nær m.a. til náttúruvættanna Grjótagjár, Vogagjár og Hverfjalls, Lúdents, Lúdentsborga, Þrengslaborga og Lofthellis.

Mikilvægt verkefni fyrir uppbyggingu og verndun svæðis sem felur í sér marga af vinsælustu áfangastöðum Norðurlands og merk náttúruvætti.

23. Langesbyggð - Náttúruverndun og bætt aðgengi á Langesi

Kr. 8.000.000,- styrkur til nauðsynlegra vegbóta að Fonti og gerð bílastæðis við Skoravíkurbjarg.

Mikilvægar framkvæmdir til að fyrirbyggja frekari gróðurskemmdir og utanvegaakstur. Vegna óvissu um vatnsöflun og deiliskipulag er ekki lagt til að styrkur verði veittur til uppbyggingar salernisaðstöðu að svo stöddu.

24. Minjastofnun Íslands - Borgarvirki- bætt öryggi og aðgengi ferðafólks að friðlýstum menningarminjum

Kr. 2.841.752,- styrkur til fullnaðarhönnunar áfangastaðar við Borgarvirki í Húnaþingi.

Mikilvægt verkefni vegna öryggis- og aðgengismála og verndunar náttúru- og menningarminja.

25. Minjastofnun Íslands - Selatangar. Endurbætur á aðgengi og aukin upplýsingagjöf

Kr. 1.380.000,- styrkur til endurbóta á aðgengi og aukinni upplýsingagjöf við friðlýsta minjastaðinn á Selatöngum í Grindavík.

Verkefnið gerir gönguleiðina og sjálfan minjastaðinn öruggari fyrir ferðamenn, auk þess að styðja við upplifun á svæðinu og eykur þannig líkur á góðri umgengni við minjar og náttúru.

26. Minjastofnun Íslands - Öryggisráðstafanir við skipsflakið á Tanga í Mjóafirði

Kr. 1.350.000,- styrkur til að útbúa og koma fyrir aðvörunar- og upplýsingaskilti og léttri girðingu/afmörkun við skipsflakið á Tanga í Mjóafirði. Oft er talsverð umferð við flakið og hefur sést til fjölda fólks klifra í því, en flakið er í slæmu ástandi og töluverð hættu á hruni.

Mikilvægt verkefni til að bæta öryggi ferðamanna.

27. Mýrdalshreppur - Dyrhóley, Háey - Stígar, öryggi og náttúruvernd

Kr. 13.000.000,- styrkur til hönnunar og framkvæmda við stíga, tröppur og öryggishandrið á hærri hluta Dyrhóleyjar, sem nefnist Háey. Fyrir liggur samstarfssamningur við Umhverfisstofnun, deiliskipulag og verndaráætlun til grundvallar verkefnisins. Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunnar, en var áður á rauðum.

Verkefnið er mikilvægt vegna náttúruverndar, öryggis- og aðgengismála, ásýndar og uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu.

28. Náttúrusetrið á Húsabakka - Friðland fuglanna

Kr. 963.000,- styrkur til uppbyggingar á 50 m. langri flotbrú yfir blautan kafla göngustígs meðfram Svarfaðardalsá frá Dalvík fram að Húsabakka í Svarfaðardal.

Mjög athyglisvert verkefni sem gæti verið fyrirmynd annarstaðar og leyst göngubrúarvandamál tengd ójafnri vatnsstöðu.

29. Rangárþing ytra - Landmannalaugar - Deiliskipulag

Kr. 8.500.000,- styrkur vegna deiliskipulags Landmannalauga.

Forgangsverkefni vegna náttúruverndar, ásýndar og uppbyggingar ferðaþjónustu á fjölsóttasta ferðamannastaðnum á miðhálandinu.

30. Reykhólahreppur – Reykhólar, öryggi á stígasvæði

Kr. 2.500.000,- styrkur til merkinga, uppbyggingar og framkvæmda á jarðvarmasvæði við Reykhólaborð, auk stígagerðar og verndunar fuglasvæðis.

Mikilvægt verkefni vegna öryggis ferðamanna við jarðvarmasvæðið og náttúruverndar. Verkefnið mun stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

31. Reykjanes Geopark - Brimketill: Aðkoma og upplifunarsvæði

Kr. 25.600.000,- styrkur til framkvæmda við Brimketil í landi Grindavíkur á grundvelli samþykktis deiliskipulags. Um er að ræða bílastæði, stíga og útsýnispalla.

Vel undirbúið og mikilvægt verkefni vegna aðgengis og öryggis ferðamanna, og grunndvallarinnviða á sífellt fjölsóttari ferðamannastað.

32. Skaftárhreppur - Bætt aðgengi og öryggi í Fjaðrárgljúfri

Kr. 28.436.000,- styrkur til hönnunar og uppsetningar á útsýnispalli við norðurenda Fjaðrárgljúfurs, ásamt lagfæringa á göngustígum.

Áframhald á vönduðu og vel undirbúnu verkefni. Það er forgangsverkefni vegna öryggis og náttúruverndar, en Fjaðrárgljúfur er á náttúruminjasrá, auk þess sem víða er mikil fallhætta.

Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

33. Skógræktarfélag Reykjavíkur - Lagfæringar á Esjustíg - Hættusvæði

Kr. 4.850.000,- styrkur vegna lagfæringar á göngustíg í ofanverðri Esju. Um er að ræða stórgrýtt skriðusvæði þar sem slysatíðni er töluverð.

Forgangsverkefni vegna öryggis og náttúruverndar á svæði sem nýtur mikilla vinsælda á meðal innlendra og erlendra ferðamanna.

34. Skógrækt ríkisins - Afmörkun og viðhald gönguleiða og styrking gróðurs ofan við Systrafoss

Kr. 1.300.000,- styrkur til að afmarka gönguleiðir og útsýnisstaði ferðamanna ofan við Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri til að vernda gróður og bæta öryggi ferðafólks. Sífelld aukning ferðamanna bæði sumar og vetur veldur því að nú stórsér á gróðri á svæðinu milli Systrafoss og Systravatns. Markmið verkefnisins er að lagfæra þær skemmdir, og reyna að koma í veg fyrir frekari, með afmörkun stíga og uppbyggingu á þeim.

Látlaust en mikilvægt verkefni sem tryggir náttúruvernd og eykur öryggi við Systrafoss. Aðferðafræðin við gerð stíganna er til fyrirmyndar þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

35. Skógrækt ríkisins - Endurbygging bálskylis og áningarstaðar í Haukadalsskógi

Kr. 1.150.000,- styrkur til endurbyggingar þaks á bálskylí í Haukadalsskógi, sem brotnaði undan miklu snjófargi í ársbyrjun 2015. Nýta má undirstöður skýlisins og þakklæðningu að hluta til.

Gott verkefni vegna náttúruverndar og skorts á grunnaðstöðu fyrir ferðamenn á svæði sem er vinsæll áfangastaður. Vel hefur verið staðið að uppbyggingu svæðisins hingað til.

36. Skógrækt ríkisins - Hjálparfoss – salernisaðstaða

Kr. 9.100.000,- styrkur til uppbyggingar á heilsárssalernisaðstöðu við Hjálparfoss. Sótt er um styrk til að koma fyrir rotþró og leggja rafmagns- og vatnsleiðslu að svæðinu. Salernishús er framlag Skeiða- og Gnúpverjahrepps til verkefnisins og fæst það án endurgjalds.

Mikilvægt innviðaverkefni á stað þar sem skortir grunnaðstöðu.

37. Skógrækt ríkisins - Viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu

Kr. 4.725.000,- styrkur til áframhaldandi viðhalds gönguleiða og merkinga á Þórsmerkursvæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vini Þórsmerkur.

Forgangsverkefni vegna náttúruverndar, aðgengis- og öryggismála á viðkvæmu svæði sem er undir síauknu álagi ferðamanna.

38. Skútustaðahreppur - Hjólastígur umhverfis Mývatn - fyrsti áfangi

Kr. 4.000.000,- styrkur til 1. áfanga göngu- og hjólræðastígs umhverfis Mývatn, sem nýtir fyrirbyggjandi slóða, lagnaleiðir og núverandi aðstæður til hins ýrasta og tryggir aðskilnað hjóla- og bílaumferðar.

Vel hugsað og undirbúið forgangsverkefni vegna öryggis- og aðgengismála á svæði þar sem umferð er gríðarmikil og hjólræða- og göngufólki víða hætta búin.

39. Snæfellsbær Svöðufoss - Umsókn um framkvæmd

Kr. 26.880.000,- styrkur til framkvæmda við 1. áfanga uppbyggingar við Svöðufoss í Snæfellsbæ.

Vel undirbúið og skipulagt verkefni, sem er hluti af framtíðarsýn um uppbyggingu og samtengingu áfangastaða á norðanverðu Snæfellsnesi með áherslu á náttúruvernd og aðgengi.

40. Stapafélagið - Göngustígur á Arnarstapa

Kr. 2.200.000,- styrkur til uppbyggingar á 860 metra löngum göngustíg um Eyrartún við Arnarstapa.

Áður hefur umsækjandi lagt 2/3 hluta þess stígs sem hér um ræðir, en síðustu 860 metrarnir eru lokahnykkurinn í þessu vandaða framtaki félagsins.

Stígurinn styrkir náttúruvernd og eykur öryggi á annars frekar varasamri brún klettanna vestan Arnarstapa.

41. Sveitarfélagið Garður - Salernis- og hreinlætisaðstaða Garðskaga

Kr. 13.200.000,- styrkur vegna uppbyggingar á salernis- og hreinlætisaðstöðu við Byggðasafnið á Garðskaga.

Brýnt verkefni til uppbyggingar grunnaðstöðu á sívinnsælli áfangastað, ekki síst með tilliti til norðurljósaferða utan hefðbundins opnunartíma.

42. Sveitarfélagið Hornafjörður - Göngubrú yfir Kolgrafardalsá - Jöklastígur

Kr. 28.640.000,- styrkur til að ljúka gerð göngubrúar yfir Kolgrafardalsá, hanna og setja upp göngubrú yfir á sem nýlega myndaðist á milli Jökulfells og Miðfells. Sú brú kallast "Brúin á milli fella" og verður um 60m löng. Búið er að hanna brúna yfir Kolgrafardalsá.

Um er að ræða hluta af nýrri og heildstæðri 200 km gönguleið meðfram jökli, "Jöklaleið", sem gæti orðið mikilvæg viðbót í úrval gönguleiða á landinu.

Áframhald á faglega unnu verkefni.

43. Sveitarfélagið Ölfus - Reykjadalur 2016. Unnið að 5. áfanga í endurbótum á dalnum

Kr. 10.000.000,- styrkur til áframhaldandi uppbyggingar göngustíga í Reykjadal ásamt smíði göngubrúar við nýjan hver sem opnast hefur rétt við göngustíg og veldur töluverðri hættu. Einnig rennur styrkur til frumhönnunar á nýrri salernisaðstöðu.

Forgangsverkefni vegna öryggis við hver og slits og álags á náttúru dalsins.

Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

44. Umhverfisstofnun - Brýnar úrbætur á ferðamannastöðum

Kr. 12.000.000 ,- styrkur til einstakra verkefna á lista Umhverfisstofnunar yfir þá ferðamannastaði, sem stofnunin telur brýnt að bæta ástand á, hvort heldur sem um náttúruverndarsvæði er að ræða eða ekki. Um er að ræða einfaldar aðgerðir sem skila árangri og kalla ekki á deiliskipulag.

Verkefnin snúast um stýringu umferðar með bættum merkingum og merkingum/viðhaldi stíga og bættu öryggi ferðamanna. Um er að ræða ferðamannastaði sem eru vinsælir og hefur umræddum svæðum hnignað töluvert vegna ágangs ferðamanna. Þau verkefni sem hljóta styrk eru Skilti til að sporna við ólöglegum akstri utan vega á hálendinu og Reykjanesfólkvangi, lagfæra göngustíg við Leiðarenda og lagfæringar á útsýnispalli við Hraunfossa.

45. Umhverfisstofnun - Dynjandi - bætt verndun, öryggi og aðgengi

Kr. 30.000.000,- styrkur til viðhalds og uppbyggingar göngustíga, ásamt hönnun, smíði og uppsetningu útsýnispalla við Dynjanda.

Brýnt verkefni vegna náttúruverndar, öryggis-, og aðgengismála á mjög vinsælum áfangastað ferðamanna.

46. Umhverfisstofnun - Geysir framkvæmd á stígum

kr. 30.000.000,- styrkur til stígagerðar frá tjaldsvæði upp Laugarfell og þaðan með tröppum niður á Geysissvæðið sjálft. Útsýnispallur verður á Laugarfelli.

Mikilvægt verkefni með tilliti til náttúruverndar og innviðaupbyggingar á einum helsta ferðamannastað landsins.

47. Umhverfisstofnun - Göngustígur í Skaftárhreppi, Dverghamrar og Kirkjugólf

Kr. 4.744.300,- styrkur til lagfæringa og breytinga á göngustígum, ásamt uppsetningu á nýjum skiltum við Dverghamra og Kirkjugólf í Skaftárhreppi, sem hafa látið á sjá vegna fjölgunar ferðamanna.

Verkefnið er mikilvægt vegna náttúruverndar, öryggis-, fræðslu- og aðgengismála á mjög vinsælum áfangastað ferðamanna.

48. Umhverfisstofnun - Hornstrandir friðland. Vörðuhleðsla milli Skálakambs og Atlaskarðs

Kr. 1.184.500,- styrkur til viðhalds og endurhleðslu á þeim vörðum sem fallið hafa á undangengnum áratugum á gönguleiðinni milli Skálakambs og Atlaskarðs í friðlandinu á Hornströndum.

Gott verkefni og vel hugsað sem samþættir öryggismál og verndun menningarminja.

49. Umhverfisstofnun - Kálfaströnd - göngustígar

Kr. 1.825.809,- styrkur til áframhaldandi uppbyggingar á gönguleið frá afleggjara að Kálfastrandarbæjum að Klösum sem standa við Mývatn.

Mikilvægt og vel undirbúið verkefni til náttúruverndar, aðgengis- og öryggismála á viðkvæmu svæði undir auknu álagi ferðamanna.

50. Umhverfisstofnun - Kálfaströnd - lokafrágangur umhverfis bílastæði

Kr. 1.567.519,- styrkur til lokafrágangs umhverfis bílastæði við Kálfaströnd.

Um er að ræða afmörkun stæðis frá umhverfi, hellulögn í jaðri, merkingar og málun bílastæða, auk þess að bæta gönguleið frá bílastæði að gönguleið að Klösum.

Mikilvægur lokahnykkur á gerð bílastæðis á mikilvægum ferðamannastað sem ekki fær ásættanlegt útlit fyrir en frágangi lýkur.

51. Umhverfisstofnun - Skógaheiði, Skógafoss - Hönnun, skipulag og framkvæmdir. 1. áfangi

Kr 12.000.000,- styrkur til lagfæringar og endurbóta á 4-5 km löngum göngustíg meðfram fossaröð Skógár ofan Skógafoss, en svæðið er á appelsínugulur lista Umhverfisstofnunar vegna ágangs ferðamanna. Þrílur yfir fjárhelda girðingu verða fjarlægðar og sjálflokandi hlið sett í staðinn.

Mikilvægt verkefni vegna náttúruverndar á vinsælum ferðamannastað undir miklu álagi.

Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

52. Umhverfisstofnun - Ströndin við Arnarstapa og Hellna; uppbygging innviða og heildrænt útlit

Kr. 12.340.000,- styrkur til hönnunar og uppsetningar útsýnispalls og göngubrúar við strönd Stapa og Hellna, ásamt viðhaldi og uppbyggingu göngustíga.

Verkefnið er forgangsverkefni vegna slits og álags á náttúru af völdum ferðamanna, öryggis- og aðgengismála. Svæðið er á rauðum lista

Umhverfisstofnunar og komið að þolmörkum vegna umferðar.

Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

53. Umhverfisstofnun - Svalpúfa: viðbót við ECO-grids göngustígs í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Kr. 3.037.400,- styrkur til viðbótar við ECO-grids göngustíg á Svalpúfu til að draga úr álagi á náttúru og umhverfi á Svalpúfu. Á sama tíma bættir verkefnið öryggi, aðgengi og upplifun ferðamanna án þess að rýra verndargildi svæðisins.

Áframhald á vel unnu og brýnu verkefni m.t.t. slits og álags á náttúru af völdum ferðamanna, öryggis- og aðgengismála.

54. Umhverfisstofnun - Vatnshellir, bílastæði og bætt aðgengi

Kr. 6.215.903,- styrkur til uppbyggingar á nýju bílastæði við Vatnshelli.

Vel undirbúið og mikilvægt verkefni vegna öryggis, náttúruverndar og innviðauppbyggingar á vinsælum ferðamannastað.

55. Vatnajökulspjóðgarður - Gönguleið yfir jökulána Volgu

Kr. 6.500.000,- styrkur til nýrrar gönguleiðar yfir jökulána Volgu, í stað göngubrúar sem fór í flóði árið 2013.

Mikilvægt verkefni vegna aðgengis- og öryggismála, sem ætlað er að veita ferðamönnum öruggari leið að háhitasvæði í Hveradal í Kverkfjöllum ásamt aðgengi að upptökum Jökulsár á Fjöllum. Í dag þarf göngufólk að þvera hættulegan skriðjökulinn eða vaða ána en hún er erfið yfirferðar.

56. Vatnajökulspjóðgarður - Hundafoss – útsýnispallur

Kr. 15.700.000,- styrkur til smíði og uppsetningar útsýnispalls og girðingar við Hundafoss í Skaftafelli.

Vel undirbúið verkefni og mikilvægt vegna slits og álags á náttúru, öryggis-, og aðgengismála.

57. Vatnajökulspjóðgarður – Skaftafelli - Bílastæði

Kr. 30.000.000,- styrkur til hönnunar og framkvæmda vegna 2. áfanga bílastæða í Skaftafelli.

Brýnt verkefni enda mikill skortur á bílastæðum á helstu álagstímum og nauðsynlegt að flytja meginþunga þeirra frá þjónustumiðstöð, ekki síst vegna öryggismála.

58. Vatnajökulspjóðgarður -Skaftafell: Svartifoss - gönguleið

Kr. 4.300.000,- styrkur til lokaframkvæmda við göngustíg frá bílastæði Skaftafells að Svartafossi.

Áframhald á vel unnu og brýnu verkefni vegna slits og álags á náttúru af völdum ferðamanna og öryggis- og aðgengismála.

59. Vatnajökulspjóðgarður – Skaftafell: Svartifoss - tilfærsla göngustígs og uppsetning stálþrepa

Kr. 7.500.000,- styrkur til hönnunar og uppsetningar á nýjum stálgrindarþrepum og tilfærslu á stíg, sem liggur frá útsýnisstað á leiðinni upp að Svartafossi.

Mikilvægt og vel undirbúið verkefni sem eykur öryggi ferðamanna, sérstaklega yfir vetrartímann, en þessi hluti göngustígs getur verið mjög varasamur og erfiður í hálku.

60. Vatnajökulspjóðgarður - Tjarnargígur

Kr. 3.500.000,- styrkur til hönnunar, undirbúnings og mælinga fyrir nýjum og stærri útsýnispalli er koma skal í stað núverandi palls.

Gott verkefni vegna náttúruverndar, öryggis- og aðgengismála.

61. Vatnajökulspjóðgarður - Útsýnispallar við Dettifoss að vestan, 2. áfangi

Kr. 30.000.000,- styrkur til útsýnispalls til viðbótar palli sem áður hefur fengið úthlutaðan styrk. Þessa tvo útsýnispalla á síðan að tengja með göngupalli. Verkefnið mun stuðla að bættu aðgengi ferðamanna og mun bæta öryggi við Dettifoss.

Áframhald á vel unnu og brýnu verkefni fyrir öryggi, aðgengi og náttúruvernd. Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

62. Vesturbyggð - Salernisaðstaða að Brunnum í Látravík, Látrabjargi

Kr. 16.707.600,- styrkur til uppbyggingar á salernisaðstöðu að Brunnum í Látravík, er mun þjóna gestum sem heimsækja Látrabjarg og nágrenni.

Vel undirbúið innviðaverkefni sem mun bæta úr skorti á grunnaðstöðu á svæðinu.

63. Vesturbyggð - Salernisaðstaða við Flókatóftir, Brjánslæk.

Kr. 12.750.000,- styrkur til uppbyggingar á salernisaðstöðu við Flókatóftir, Brjánslæk.

Vel undirbúið innviðaverkefni sem mun bæta úr skorti á grunnaðstöðu við ferjuhöfn.

64. Vinir Þórsmerkur - Viðhald gönguleiða og merkingar á Þórsmerkursvæðinu

Kr. 8.610.000,- styrkur til áframhaldandi viðhalds gönguleiða og merkinga á Þórsmerkursvæðinu í samstarfi við Skógrækt ríkisins.

Áframhald á vel unnu verkefni vegna náttúruverndar, aðgengis- og öryggismála á viðkvæmu svæði undir síauknu álagi ferðamanna .

65. Þingeyjarsveit - Endurbætur á umhverfi Goðafoss

Kr. 26.800.000,- styrkur til áframhaldandi endurbóta á umhverfi Goðafoss.

Bætt aðgengi, fjölgun bílastæða, fjölgun og lagfæring göngustíga, útsýnispallar og áningarstaðir. Merking gönguleiða vegna öryggis og náttúruverndar.

Áframhald á vel unnu verkefni á ferðamannastað í alfaraleið.

Forgangsverkefni vegna álags á náttúru, öryggis-, og aðgengismála.

Hluti verkefnis er á lista Stjórnstöðvar um brýnar aðgerðir til að tryggja öryggi á ferðamannastöðum.

66. Æðarvarp ehf - Selaskoðunarstaður við Illugastaði

Kr. 4.560.000,- styrkur til lagfæringa á göngustíg, stækkunar bílaplans og merkinga.

Nauðsynleg innviðauppbýgging á vinsælum selaskoðunarstað. Stígahluti verkefnisins telst til náttúruverndar en staðurinn allur ber þess merki að hafa verið byggður upp með sjálfbærni að leiðarljósi.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA

- FF10 2016- tillaga stjórnar að styrkjum fyrir úthlutun skv. landshlutum

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Tillaga stjórnar
Höfuðborgarsvæðið		
Hafnarfjarðarkaupstaður	Seltún - áframhaldandi uppbygging	8.000.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Lagfæringar á Esjustíg - Hættusvæði	4.850.000
2		12.850.000
Suðurnes		
Minjastofnun Íslands	Selatangar, Endurbætur á aðgengi og aukin upplýsingagjöf	1.380.000
Reykjanes Geopark	Brimketill: Aðkoma og upplifunarsvæði	25.600.000
Sveitarfélagið Garður	Salernis- og hreinlætisaðstaða Garðskaga	13.200.000
3		40.180.000
Vesturland		
Áttahagastofa Snæfellsbæjar	Almenningssalerni við Sjávarsafnið í Ólafsvík Opin allan sólarhringinn	7.080.000
Borgarbyggð	Sógubærinn Borgarnes- Búðarklettur og Vesturnes	7.880.000
Grundarfjarðarbær	Kirkjufellsfoss, viðhald og umbætur.	6.000.000
Grundarfjarðarbær	Kolgrafarfjörður í Eyrarsveit, Snæfellsnesi	2.800.000
Hvalfjarðarsveit	Glymur í Botnsdal, Hvalfjarðarsveit	5.010.000
Snæfellsbær	Svöðufoss - Umsókn um framkvæmd	26.880.000
Stapafélagið	Göngustígur á Arnarstapa	2.200.000
Umhverfisstofnun	Vatnshellir, bílastæði og betra aðgengi	6.215.903
Umhverfisstofnun	Ströndin við Arnarstapa og Hellna; uppbygging innviða og heildrænt útlir	12.340.000
Umhverfisstofnun	Svalpúfa: viðbót við ECO-gríðs göngustígs í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli	3.037.400
10		103.562.519
Vestfirðir		
Félag um Snjáfallasetur	Skilti á náttúru og sögu á Snæfjallaströnd	800.000
Fossavatnsgangan	Merking göngu- hjóla og skiðaleiða og uppsetning upplýsingaskilta á Ísafirði	7.000.000
Reykholahreppur	Reykholar- öryggi á stígasvæði	2.500.000
Umhverfisstofnun	Dynjandi - bætt vermdun, öryggi og aðgengi	30.000.000
Umhverfisstofnun	Hornstrandir friðland. Vörðuhleðsla milli Skálakambs og Atlaskarörs	1.184.500
Vesturbyggð	Salernisaðstöðu að Brunnum í Látravík, Látrabjarg.	16.707.600
Vesturbyggð	Salernisaðstaða við Flókátóttir, Brjánslæk.	12.750.000
7		70.942.100
Norðurland vestra		
Húnavatnshreppur	Áframhald af verki 15-013 Ólafslundur-Þristapar	2.000.000
Húnaþing vestra	Kolugljúfur	2.800.000
Minjastofnun Íslands	Borgarvirki- bætt öryggi og aðgengi ferðafólks að friðlýstum menningarminjum	2.841.752
Æðarvarp ehf	Selaskoðunarstaður við Illugastaði	4.560.000
4		12.201.752
Norðurland eystra		
Akureyrarkaupstaður	Deiliskipulag hafnarsvæðisins í Hrísey	1.440.000
Landeigendur Voga ehf	Heildarskipulag ferðamannastaða fyrir Voga í Mývatnssveit	6.447.000
Langanesbyggð	Náttúruverndun og bætt aðgengi á Langanesi	8.000.000
Náttúrusetrið á Húsabakka	Friðland Fuglanna	963.000
Skútaástaðahreppur	Hjólástígur umhverfis Mývatn - fyrsti áfangi	4.000.000
Umhverfisstofnun	Kálfaströnd - göngustígar	1.825.809
Umhverfisstofnun	Kálfaströnd - lokafrágangur umhverfis bílastæði	1.567.519
Vatnajökulsþjóðgarður	Útsýnispallar við Dettifoss að vestan 2. áfangi	30.000.000
Þingeyjarsveit	Endurbætur á umhverfi Goðafoss	26.800.000
9		81.043.328
Austurland		
Borgarfjarðarhreppur	Bátahöfnin við Hafnarhólma. Þjónustubygging fyrir ferðamenn, deiliskipulag og framkvæmdir	13.000.000
Djúpavogshreppur	Eflling gönguferðamennsku í Djúpavogshreppi	3.800.000
Ferðafélag Fjóttsdalshéraðs	Perlu Fjóttsdalshéraðs. Hönnun og uppsetning skilta við gönguleiðir	3.107.248
Fjarðabyggð	Hólmanes - Fólkvangur og friðland	9.000.000
Fjarðabyggð	Fólkvangur Neskaupstaðar - Bætt aðgengi og skipulag svæðisins til framtíðar	2.400.000
Fjóttsdalshérað	Fardagafoss: Gönguleið, öryggi og náttúruvernd	2.600.000
Fjóttsdalshérað	Dyrfjöll - Stóruð, gönguparadis lokaáfangi	8.000.000
Minjastofnun Íslands	Öryggisráðstafanir við skipsflakið á Tanga í Mjóafirði	1.350.000
Vatnajökulsþjóðgarður	Gönguleið yfir jökulána Volgu	6.500.000
9		49.757.248
Suðurland		
Hveragerðisbær	Kraftur og hverir -Mögnuð náttúra í nýju ljósi	2.900.000
Katla Jarðvangur	Katla Jarðvangur. Heildstætt útlir. Vegmerking að áningarstöðum, fræðsla um umgengni og merkingar meðfram stigum á völdum stöðum.	10.000.000
Kerlingarfjallavínir	Viðhald, lagfæringar og viðbætur á brúm í Hveradölum, Kerlingarfjölum	3.165.600
Mýrdalshreppur	Dyrhóley, Háey - Stígar, öryggi og náttúruvernd	13.000.000
Rangárþing ytra	Landmannalaugar -Deiliskipulag	8.500.000
Skaftárhreppur	Bætt aðgengi og öryggi í Fjaðrárgljúfri	28.436.000
Skógrækt ríkisins	Afmörkun og viðhald gönguleiða og styrking gróðurs ofan við Systrafoss	1.300.000
Skógrækt ríkisins	Hjálparfoss - salernisaðstaða	9.100.000
Skógrækt ríkisins	Endurbygging bálskýlis og áningarstaðar í Haukadalsskógi	1.150.000
Skógrækt ríkisins	Viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu 2016	4.725.000
Sveitarfélagið Hornafjörður	Göngubrú yfir Kolgrafardalsá - Jöklastígur	28.640.000
Sveitarfélagið Ölfus	Reykjadalur 2016. Unnið að 5. áfangi á endurbótum á dalnum	10.000.000
Umhverfisstofnun	Geysir framkvæmd á stigum.	30.000.000
Umhverfisstofnun	Skógarheiði, Skógaðfoss/ Hönnun, skipulag og framkvæmdir. 1. áfangi	12.000.000
Umhverfisstofnun	Göngustígur í Skaftárhreppi, Dverghamrar og Kirkjugölf	4.744.300
Vatnajökulsþjóðgarður	Tjarnargigur	3.500.000
Vatnajökulsþjóðgarður	Skaftafell: Svartifoss - gönguleið	4.300.000
Vatnajökulsþjóðgarður	Skaftafell: Svartifoss - tilfærsla göngustígs og uppsetning stálþrepa	7.500.000
Vatnajökulsþjóðgarður	Bílastæði í Skaftafelli 2. áfangi	30.000.000
Vatnajökulsþjóðgarður	Hundaðfoss - útsýnispallur	15.700.000
Vínir Þórsmerkur	Viðhald gönguleiða og merkingar á Þórsmerkursvæðinu 2016	8.610.000
21		237.270.900
Umhverfisstofnun		
Umhverfisstofnun	Brýnar úrbætur á ferðamannastöðum	12.000.000
1		
66		595.688.631